

Bólga í þvagrás

Meðferð með Fucidin-Hydrocortison

Lyfið Fucidin-Hydrocortison er krem sem notað er við bólgu í þvagrás. Lyfið er gefið einu sinni í viku, í sex skipti.

Undirbúningur fyrir meðferð

Fyrir meðferð þarf sjúklingur að leysa út lyfið í apóteki og hafa það með sér við komu á deild.

Meðferð

Hjúkrunarfræðingur veitir fyrstu meðferð á göngudeild 11A á Hringbraut og kennir sjúklingi að gefa sér lyfið:

- Hendur eru þvegnar.
- Þvagrásarop er þvegið með vatni.
- Lyfinu er sprautað inn í þvagrásina.
- Þvagrás er nudduð í gegnum leggöng í átt að þvagblöðru til að dreifa lyfinu betur um þvagrás.

Ráðlagt er að nota kremið að kvöldi, þá liggur það í þvagrásinni yfir nóttina. Í byrjun meðferðar geta einkenni versnað en þau jafna sig á nokkrum dögum. Nota má lyfið eftir þörfum þegar sex skiptum er lokið, þ.e. ef einkenni byrja aftur.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina og lyfið. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.

Sjúklingum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.